

Nr. 20-12 S 007 Sirrý ÍS 36***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2919 *IMO nr.*: 9167095
Smíðaður: Noregi 1983, stál
Útgerð: Jakob Valgeir ehf
Stærð: 698 bt.
Mesta lengd: 44,95 m *Skráð lengd*: 40,32 m
Breidd: 10,20 m *Dýpt*: 6,65 m
Vél: M.A.K 1800 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 13



Sirrý©Sigurður Bergþórsson

Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. október 2019 var togskipið Sirrý ÍS 36 á siglingu á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 10 m/sek

Skipverji var að blóðga vel lifandi og spriklandi fisk þegar hann skar sig í vísifingur vinstri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að hnífurinn stakkst beint ofan í fingurinn, myndaði djúpt stungusár og skar í sundur sin í fingrinum;
- að skipverjinn var með vettlinga sem hnífurinn fór í gegnum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.